

30. apríl 1974.

245

Nr. 23.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um
kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan eins og hálf mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt eftir ósk aðila að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. júlí 1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.